



Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 6. tbl. október 2010

Aðalfundur TFÍ 2010

Aðalfundur Tannlæknafélags Íslands verður haldinn í félagsheimili TFÍ í félagsheimili tannlækna að Síðurmúla 35, fimmtudaginn 11. nóvember 2010 og hefst kl. 20.00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Inntaka nýrra félaga
3. Skýrsla stjórnar og nefnda félagsins
4. Úthlutun úr Vísindasjóði.
5. Endurskoðaðir reikningar kynntir og lagðir fram
6. Lagabreytingar
7. Kosningar: formanns, fjögurra í stjórn og tveggja til vara, endurskoðenda og nefndarmanna.
8. Ákvörðun um árgjald
9. Önnur mál rétt fram borin

Ný aðgerðarskrá.

Eins og komið hefur fram áður, skrifuðu Tannlæknafélag Íslands, Tannréttingafélag Íslands og Sjúkratryggingar Íslands undir viljayfirlýsingu í apríl síðastliðnum. Skipuð var samstarfsnefnd til að yfirfara og samræma aðgerðarskrá tannlækna og sérfræðinga í tannlækningum. Markmiðið er að notkun aðgerðarliða, efnis og íhluta sé jafnan í samræmi við almennt viðurkennt verklag tannlækna. Ný aðgerðarskrá mun einnig auðvelda tannlæknum að færa ítarlega og nákvæma sjúkraskrá eins og lög gera ráð fyrir.

Nú hafa rúmlega fimmtíu tannlæknar komið að þessari vinnu undanfarið og búið er að fara yfir alla flokka í aðgerðarskránni. Kallaðir hafa verið saman nokkrir hópar tannlækna í félagsheimili tannlæknafélagsins þar sem mismunandi kaflar í aðgerðarskránni hafa verið ræddir og afgreiddir. Gamlir og úreltir liðir teknir út og nútímalegri liðir komnir inn. Núverandi ráðherragjaldskrá tekur til c.a. 162 liði en nýja aðgerðarskráin inniheldur 522 liði. Hér er því komin mun ítarlegri skrá en við erum vön og stefnir í að þetta verði til mikilla bóta. Sjúkratryggingum verður nú send þessi aðgerðarskrá og í framhaldi verður fundað með þeim. Ef vel gengur með framhaldið er næsta skref að semja skýringar við aðgerðarliðina og er það ekki lítið verk fyrir 522 liði. Hvað svo sem verður með framhaldið vil stjórn tannlæknafélagsins sérstaklega þakka Bjarna Elvari Péturssyni fyrir frábæra verkefnastjórn við þessa vinnu.

Sigurður Benediktsson

Munið að skrá ykkur á Ársþing og árshátíð TFÍ .
www.islandsmot.is
Síminn hjá Íslandsmótum er 534-7010

Skólatannlækningar – gjaldfrjálssar tannlækningar

Tannlæknafélagi Íslands hefur borist drög að skýrslu um Eflingu Heilsugæslunnar, vinnuskjal nefndar sem starfar á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Kafli 7.3 nefnist Tannvernd og skólatannlækningar. Félagið þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Skólatannlækningar voru starfræktar Reykjavík til ársins 2002. Þjónustan var greidd úr borgarsjóði og ríkissjóði og fengu börnin ókeypis þjónustu. Þegar farið var að innheimta greiðslu fyrir hluta kostnaðarins hjá forráðamönnum skólabarna brast grundvöllur skólatannlækninganna, því ekki var lengur hægt að kalla börn til eftirlits úr kennslustund án skriflegs samþykkis og fylgdar forráðamanns.

Tannlækningar í grunnskólum voru ekki í boði annarsstaðar á landinu. Utan Reykja-víkur kusu börn og unglingar sér sjálfstætt starfandi tannlækni og fengu kostnaðinn, allan eða hluta hans, endurgreiddan hjá Tryggingastofnun Ríkisins eftir þeim reglum sem giltu á hverjum tíma. Þegar börnin hættu að fá gjaldfrjálssa þjónustu hjá Skóla-tannlækningum kusu foreldrar í auknum mæli að leita til síns fjölskyldutannlæknis og við það fjöruðu tannlækningar í skólum Reykjavíkur út.

Nefndin um „Eflingu Heilsugæslunnar“ álitur að skoða skuli hvort „taka beri upp hefðbundnar skólatannlækningar“ og slíkt fyrirkomulag gæti „skilað betri tannheilsu allra aldurshópa.“ Það er rétt að skoða þetta álit nánar:

Skólatannlækningar í Barnaskóla Reykjavíkur (Miðbæjarskóla) hófu starfsemi sína árið 1922 að danskri fyrirmynd. Það þótti mikill kostur að sækja mátti fátæk börn úr kennslustund og veita þeim ókeypis tannlækniþjónustu – lækna tannpínuna. Tíðarandinn hefur breyst. Nú á dögum þykir ekki við hæfi að barn fari til tannlækni án samþykkis foreldra. Persónuvernd samþykkir ekki slíkt.

Niðurstöður rannsóknarinnar „Heilsa og líðan Íslendinga 2007“, sem gerð var á vegum Lýðheilsustöðvar og enn eru óbirtar, sýna að munneilsan á Íslandi, er að miklu leyti háð félags- og efnahagsstöðu. Erlendar rannsóknir sýna það einnig og Alþjóða Heilbrigðisstofnunin WHO hefur bent á þetta. Þau börn sem skila sér ekki í reglulegt eftirlit til tannlækni eru frá þeim fjölskyldum sem hafa minnsta menntun, lægstar tekjur og stríða við ýmis vandamál. Tannlæknaheimsóknir eru ekki efst á listanum, nema verkir reki sjúklingana af stað. Það sem helst hindrar heimtur barna til tannlækna er kostnaðurinn.

Annarsstaðar á Norðurlöndunum er meginreglan sú, að börn og unglingar fá ókeypis tannlækniþjónustu. Þjónustan niðurgreidd af ríkinu, sveitarfélaginu eða sýslunni Einungis á Íslandi þurfa börn og unglingar að greiða hluta þjónustunnar sjálf. Það skiptir ekki máli hvar þjónustan er veitt. Það sem skiptir máli er að börn og ungl-ingar, einkum hinir fátæku, þurfi ekki að greiða fyrir hana. Í Noregi og Svíþjóð hefur þjónustan hefur verið færð út úr skólunum, en er áfram niðurgreidd af skattfé.

Sjúkratryggingar Íslands greiða árlega 550 milljónir króna í forvarnir og tannviðgerðir barna og unglinga til 18 ára ára aldurs. Hin svonefnda Ráðherragjaldskrá sem Sjúkra-tryggingar nota við endurgreiðslu tannlækniþjónustunnar var sett hinn 1. janúar 2003. Endurgreiðsluskráin hefur ekki breyst síðan og hefur því ekki fylgt verðlagi, þó að hún hafi hækkað um 4% hinn 1. nóvember 2004. Börn, öryrkjar og aldraðir sem eiga rétt á endurgreiðslu fyrir tannlækningar þurfa því að greiða hlutfallslega meira úr eigin vasa eftir sem verðlag hækkar. Samt hafa heimildir til tannlækninga af fjárlögum ekki verið fullnýttar. Árið 2009 varð 300 milljóna afgangur.

Hyggist stjórnvöld koma á fót skólatannlækningum er rétt að hafa eftirfarandi í huga: Skv. upplýsingum Hag- og Rekstrarnefndar Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) frá 1. sept. 2010 er kostnaður við stofnun tannlækningastofu kr. 24.491.688 og er húsnæði ekki innifalið. Uttekt frá Ráðuneytinu, sem er fylgiskjal með samningi TFÍ og Trygginga-stofnunar Ríkisins frá 15. apríl 1992 gerir ráð fyrir að alls þurfi 85 m² fyrir tannlækningastofu á heilsugæslustöð. Rekstrarkostnaður er kr. 21.212.899 á ári. Ekki er þar reiknað með launum og launatengdum gjöldum tannlæknisins, eingöngu launum aðstoðarfólks. Skólatannlækna yrðu líklega á föstum launum og mætti taka mið af launum lækna.

Heilbrigðisráðherra upplýsti á Alþingi hinn 11 maí 2010 að stofnkostnaður við tannlækningastofur í helmingi grunnskóla landsins geti orðið 2 milljarðar króna og árlegur rekstrarkostnaður gæti numið 2.5 milljörðum króna. Á landinu öllu eru 176 grunnskólar með um 43 þúsund grunnskólanemum. Þetta mikill kostnaður. Til samanburðar eru ætlaðar 1.672 milljónir króna á fjárlögum ársins 2010 til tannlækninga barna, unglinga, öryrkja, langveikra og slasaðra. Inni í þessari upphæð eru þær 550 milljónir króna sem fara til forvarna og tannviðgerða barna og unglinga. Einfaldast og ódýrast væri að hækka þessa upphæð þannig að börn og unglingar nytu gjaldfrjálssar tannlækniþjónustu hjá sjálfstætt starfandi tannlæknum.

Allstaðar á Norðurlöndum þar sem samhliða eru reknar opinberar og sjálfstæðar tannlækningar hefur í gegn um árin verið ágreiningur sjálfstætt starfandi tannlækna og heilbrigðisyrvalda um reksturskostnað og verðlagningu fyrir tannlækningar. Erfitt er að fá upplýsingar um reksturskostnað tannlækningastofa í heilsugæslustöðvum og öðrum stofnunum þar sem rekin er önnur þjónusta samhliða. Dæmi um þetta eru lög sem kölluð voru „Bandormurinn“ frá 20. jan. 1992. Með lögum setti ráðherra gjaldskrá fyrir skólatannlækningar. Krafa stjórnvalda var, að öll börn í Reykja-vík skyldu fara til skólatannlækni. Við það yrði mikill sparnaður. Við útreikning Heilbrigðisráðuneytisins árið 1992 á „raunverulegum“ kostnaði í Skólatannlækningum Reykjavíkur „gleymdust“ margir rekstrarliðir. Munaði þar mest um laun og tengd gjöld aðstoðarfólksins, sem voru launum annarsstaðar hjá Reykjavíkurborg. Endurnýjun tækja kom hvergi fram í bókhaldinu, var kostuð með sérstakri fjár-veitingu. Afskriftir og fjármagnskostnaður var ekki tilgreindur sérstaklega. Síma-kostnaður og þvottur ekki heldur.

Undanfarin ár hefur skort á heildstætt skipulag og eftirlit með tannheilsu barna. Sjálfstætt starfandi fjölskyldutannlækna geta einungis haft yfirlit og kallað inn sinn eigin hóp. Tannlækningarnir hefur engin úrræði, ef barn skilar sér ekki í reglubundið eftirlit. Til að reyna að bæta úr þessu skipaði stjórn Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) vinnuhóp til þess að móta raunhæfa stefnu í tannheilsuárum. Hópurinn fékk það verkefni að koma með framtíðarsýn sem gæti skilað viðunandi tannheilsu barna og unglinga á Íslandi. Tillögur vinnuhóps TFÍ er nú tilbúna.

Vinnuhópur TFÍ bendir á, að skv. upplýsingum Lýðheilsustöðvar fara 20% - 30% barna og unglinga ekki reglulega til tannlækni. Það sem helst hindrar heimtur barna til tannlækna er kostnaðurinn. Hópurinn álitur nauðsynlegt að Sjúkratryggingar Íslands endurgreiði að fullu kostnaðinn við skoðun og forvarnir barna og unglinga. Aðeins á þann hátt verði það raunhæft markmið að þau mæti í skoðun og njóti forvarna. Ljóst er þó að full endurgreiðsla Sjúkratrygginga eingöngu nægir ekki til að markmið náist. Að auki þarf kynningu til foreldra um rétt þeirra til gjaldfrjálssra forvarnarskoðana, ásamt aðhaldi og eftirfylgni að þjónustan sé nýtt. Einnig leggur hópurinn til, að auk þess að endurgreiða fyrir forvarnir geti fátækir sótt um styrk til Sjúkratrygginga í eitt skipti til þess að koma tönnum sínum í lag.

TFÍ tekur undir það sem segir í skýrslunni að: „Tannheilsamál aldraðra eru heldur ekki í nógu góðu lagi.“ Í Niðurstöðum áðurnefndrar rannsóknar „Heilsa og líðan Íslendinga 2007“ kemur fram að: fimmti hver einstaklingur á aldrinum 51 – 79 er tannlaus. Þetta segir, að hlutfallslega fleirri aldraðir einstaklingar eru tenntir en áður. Vissulega er þetta jákvætt, en hefur í för með sér að tannvernd tennta lasburða gamalmenna á vistheimilum verður krefjandi, tímafrekt og kostnaðarsamt viðfangsefni í framtíðinni. Og öldruðum mun fjölga hlutfallslega. Einstaklingar 67 ára og eldri voru árið 2008 alls 32.016. Skv. mannfjöldaspá árána 2007 – 2050 verða þeir helmingi fleirri árið 2030, eða alls 64.157. Það gildir hjá öldruðum eins og öðrum þjóðfélagshópum að tannsjúkdómar, einkum tannholdssjúkdómar hitta einstaklingana misjafnlega.

Með þessar upplýsingar í huga lýsir TFÍ vonbrigðum sínum sinni með auglýsingu nr. 703 frá 10. september 2010 „um staðfestingu gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar“. Með auglýsingunni er ljóst að stjórnvöld hyggjast ekki hækka áðurnefnda Ráðherragjaldskrá frá árinu 2003. Skjólstæðingar Sjúkratrygginga, börn, öryrkjar, aldraðir og fátækir, höfðu sannarlega vænst þess að fá betri stuðning frá stjórnvöldum.

Til þess að hægt sé að semja við Tannlæknafélag Íslands um framkvæmd tannlækninga barna og unglinga þarf að breyta lögum 112/2008. Núgildandi lög gera ekki ráð fyrir að samið sé við fag- eða stéttarfélög.

23. september 2010

Fh. stjórnar TFÍ
Sigurður Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands.



**Jólaball
TFÍ
verður
haldið**

**miðvikudaginn
29. desember
frá 16.00 til 18.00.**

Munið að taka daginn frá.

**Janúarkúrs 2011
verður haldinn
föstudaginn 14. janúar**

TIL HAMINGJU ÁLFHEIÐUR

Þann 17. september 2010 fór fram doktorsvörn við tannlæknadeild Háskólans Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Verjandi var Álfheiður Hrönn Ástvaldsdóttir tannlæknir og varði hún doktorsritgerð sína, **"Exploring the Boundaries of caries detection -Two advanced methods evaluated-**"

Leiðbeinendur voru, Sofia Traæus, frá Karolinska Institutet og prófessor Peter Holbrook, frá Háskóla Íslands.

Andmælandi var prófessor Peter Lingström, frá Háskólanum í Gautaborg.

Stjórn Tannlæknafélags Íslands óskar Álfheiði Hrönn innilega til hamingju með doktorsvörnina.

Sigursælir á Captain Morgan mótinu.



Sæbjörn, Máni og Sæmundur glaðir með verðlaunasætin og velkrydduð verðlaun.

Til hamingju strákar

**Munið að
greiða
félagsgjöldin**

Stjórn og nefndir Tannlæknafélags Íslands starfsárið 2010-2011

Formaður: Sigurður Benediktsson, Varaformaður. Stefán Hallur Jónsson.

Ritari: Börkur Thoroddsen, Gjaldkeri: Kristín Heimisdóttir.

Meðstjórnandi: Elfa Guðmundsdóttir.

Í varastjórn: Eva Guðrún Sveinsdóttir, **Bjarni Sigurðsson**

1. Árshátíðar- og skemmtinefnd.

Guðrún Jónsdóttir formaður, Áslaug Óskarsdóttir, Elín Sigurgeirsdóttir, Hrönn Róbertsdóttir, Kristín Gígja Einarsdóttir, Kristín Heimisdóttir, Petra Sigurðardóttir, Solveig Hulda Jónsdóttir.

2. Árspings- og endurmenntunarnefnd.

Júlíus Schopka, Sigríður Rósa Víðisdóttir, Elín Sigurgeirsdóttir, Hrönn Róbertsdóttir, **Gunnlaugur Þ Guðmundsson, Þróstur Þorgeirsson** og fulltrúi stjórnar.

3. Félagsheimilisnefnd.

Hlynur Þ Auðunsson, Ottó Þórsson, Torfi S Stefánsson, Ásgeir G Ásgeirsson, Gunnar Ingi Gunnarsson, fulltrúi stjórnar (framkvæmdastjóri)

4. Fulltrúi TFÍ í sérfræðinefnd.

Ásgeir Sigurðsson, Sigurjón Arnlaugsson, varamaður

5. Gerðardómur.

Þórir Schiöth, Þórarinn Jónsson, Heimir Sindrason, Sigurjón Benediktsson og Ingibjörg S. Benediktsdóttir

6. Hag- og rekstrarnefnd (áður Gjaldskrárnefnd).

Börikur Thoroddsen, Halldór G Halldórsson, Kristján Víkingsson, Þorsteinn Sch.Thorsteinsson og formaður félagsins.

7. Lyfjanefnd.

Rolf Hansson formaður, Elín S Wang og Guðmundur Á. Björnsson

8. Minjasafnsnefnd.

Birgir J. Jóhannsson, Guðmundur Rúnar Ólafsson og Ólafur Björgúlfsson

9. Orða- og fræðslunefnd.

Björgvin Ó Jónsson, Einar Ragnarsson og Karl Örn Karlsson, **Helgi Hansson.**

10. Ritnefnd Tannlæknablaðs og heimasíðu.

Álfheiður Ástvaldsdóttir ritstjóri, Jónas Birgisson, **Hólmfríður Guðmundsdóttir og Sigurjón Arnlaugsson.**

11. Ritnefnd Tannlæknatala.

Sigurjón Sigurðsson, Gunnar Þormar, Gunnar Róðarsson og Jónas B. Birgisson.

12. Samninganefnd við tannsmiði og FTAT.

Gísli Vilhjálmsson, Guðrún Haraldsdóttir og Kristján Víkingsson.

13. VEIT - Virk Endurmenntun Íslenskra Tannlækna.

Fulltrúi stjórnar TFÍ: Elfa Guðmundsdóttir.

Fulltrúi tannlæknadeildar HÍ: Björn Ragnarsson.

Fulltrúi kosinn á aðalfundi TFÍ: Þorsteinn Sch. Thorsteinsson.

14. Vísindasjóður.

Formaður félagsins, Þórarinn Jónsson og Þórarinn J. Sigurðsson.

15. Fulltrúi í sáttanefnd TFÍ,

Jón Viðar Arnórsson formaður, Björn Þorvaldsson, **Teitur Jónsson** og til vara Björgvin Ó Jónsson.